

Utangarðs(hjólreiða)maður

I.

Útvarp Reykjavík góðan daginn – það er helst í fréttum að:

„Ákveðið hefur verið að hætta við Sundabrautina, áform um göng í gegnum Öskjuhlíðina eru úr sögunni, mislæg gatnamót við Kringlumýrarbraut eru ekki lengur á dagskrá. Allt fé sem sparast — verður sett í gerð hjólreiðabrauta og ásamt stofnbrautakerfi fyrir hjól milli bæjarfélaga. Þá verður starfsemi Reykjavíkurflugvallar flutt til Keflavíkur og sjálfbærubíllausu-reiðhjólhverfi komið á fót í Vatnsmýrinni. Þetta var ákveðið í borgarstjórn rétt í þessu.“

Væri þetta ekki góð frétt?

II.

Reiðhjól hefur verið aðal samgöngutækið mitt í níu ár og hef ég notað það allt árið í Reykjavík og farið til að mynda með félögum mínum í hálendisferðir. Margt hefur borið fyrir augu. Eitt sumarið hjólaði ég ásamt félögum mínum fjallabaksleið syðri í blíðskapar veðri og þá mættum við stundum jeppafólkinu. Flest bílafólkið ályktaði umsvifalaust að við værum útlendingar. Íslendingur á hjóli á hálendinu hljómaði eins og mótsögn. Ég leit stundum í augun á bílafólkinu og sá iðulega að það fann til með mér að vera á reiðhjóli og að þurfa að nota eigin orku til að komast áfram. En það bara vissi ekki, að vorkunnin var gagnkvæm.

Flestallir vita að Íslendingar leysa gjarnan vandamálin með því að kaupa tæki. Þannig leysa hjón oft samgönguvandann með því að bæta við öðrum bíl – Á endanum er unglingurinn einnig kominn á bíl, kærastan og loks yngsta barnið. Útlit borgarinnar mótast með tímanum af bifreiðum og er flutningur Hringbrautarinnar dæmi um það. Nú telja þeir sem aka hana sér trú um að þeir séu fljótari að komast leiðar sinnar. Þeir halda það bara fyrst að það er búið að gera þetta og vegna þess að framkvæmdin var svo dýr.

Önnur stórtæk áform taka einnig mið af bílaeign borgaranna svo þeir komist sem fyrst á milli staða. Hvað liggur þeim á – líkt og allir séu á sjúkrabílum? Eiga þeir lífið að leysa? Notkun reiðhjóla myndi snarlega fækka innlögnum á Heilsustofnun Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði og aðra þá staði sem hlúa að streitusjúklingum. Ég er ekki að grínast.

III.

Hjólreiðamaðurinn í hraðasamfélaginu er utangarðs-samgöngu-maður. Á ferðum mínum á hjóli um borgina á ég eiginlega hvergi heima. Þegar ég hjóla á götum borgarinnar er ég á svæðinu sem ætlað er fyrir bifreiðar og er því iðulega fyrir þeim. Bílstjórar taka sveigju framhjá mér, flauta jafnvel á mig: Uppá gangstétt með þig! Hjólið á ekki heima á þessum bílagötum, þær eru ekki hannaðar með hjól í huga. Jafnvel strætó hefur forgang í umferðinni en aldrei hjólið.

Þá er ráðið að skella sér upp á gangstétt og vissulega er það í lagi, en þar eiga fyrst og fremst gangandi vegfarendur heima og ættu að fá að vera óhultir. Þegar ég hjóla fyrir aftan gangandi fólk og þarf að láta hjölluna hvella til að komast framhjá, þá hrekkur fólk stundum í kút, kippist við og stundum verð ég hræddur um að það fái hjartaáfall. Gang-stétt er því ekki ætluð bæði hjólreiðafólki og gangandi vegfarendum.

Eiginlegir hjólreiðastígar í Reykjavík eru bara lítil rönd á göngustígum og þar er oft fólk og börn að leika sér. Slíkir stígar eru því ekki fyrir reiðhjól sem samgöngutæki. Stígarnir eru hluti af frístundum fjölskyldunnar og útvist í borginni – það er mjög fint en þeir eru ekki vegur fyrir hjól!

Hjólreiðamaðurinn er neðstur í virðingarstiganum í umferðinni. Ég er sífellt spurður hvort ég ætli ekki að kaupa bíl. Þá býðst fólk iðulega til að skutla mér heim þótt ég hafi komið í heimsókn á hjóli, það geti bara sett hjólið aftan í eða uppí jeppann. Oft þarf ég að neita þrisvar og segja að mig langi raunverulega til að hjóla til baka.

Stundum segir einhver: “Gunnar hefur örugglega misst bílprófið –”. Annar segir: “Er taskan þín ekki þung, ég get skutlað þér heim, setjum hjólið bara í skottið.” Enn aðrir segja: “Finnst þér ekki leiðinlegt að hjóla? Hvaða leið ferðu? Er það ekki hættulegt?” Nokkrir segja: “En frábært að þú skulir hjóla! Þú ert hetja! En hvað þú ert duglegur! Þú ert til fyrirmyndar,” segir það og heldur svo áfram að keyra bílinn sinn þessar stuttu vegalengdir. En ég er engin hetja, það er of auðvelt að hjóla í borginni – að vísu uppá gangstétt.

IV.

Ég hef löngum stundað greiningar á auglýsingum og einn flokkur þeirra er bílaauglýsingar. Fyrr á árum var ævinlega vísað til öryggisþarfinnar þegar bifreiðar voru auglýstar og verðmæta þeirra t.d. “Volvo öryggi”. Þá voru bílar sýndir hvað þeir klesstu vel og örugglega á veggj án þess að slasa

bílstjóra-brúðuna. Núna aftur á móti er t.d. Honda CR-V bíll auglýstur sem leiktæki fyrir karla og sem innkaupakarfa fyrir konur. Í nýjum auglýsingunum er jafnvel talað um krakkabíla. Bifreiðarnar eru iðulega tengdar lífsstíl, félagsskap, ástarþörf og jafnvel sjálfselsku. Bílaauglýsingar eru í hverju einasta dagblaði og daglega í sjónvarpi og útvarpi. Hver kannast ekki við: “Öruggur staður til að vera á” – þótt enginn skilji þetta slagorð merkir.

Það nýjasta er afar merkilegt til greiningar. Dvalarheimili aldraðara sjómanna, Happdrætti DAS dregur nú annan hvern mánuð þetta árið út 5 milljón króna Hummer H3 jeppa. Vantar okkur fleiri bíla sem komast ekki í bílastæði? Hann er auglýstur sem bíllinn sem sló í gegn í USA og eyðir innanbæjar 15-20 litrum á hundraði miðað við einhverja dekkjastærð. Hvernig verður hann og þúsundir annarra bifreiða á nagladekkjum og hvaða áhrif hefur það á andrúmsloftið í borginni því bílamengun veldur mörgum öndunarfærasjúkdómum sem dregur fólk til dauða. Í Stokkhólmi deyja fleiri sökum svifryksmengunar en bílslysa. Svifryksmengun í Reykjavík er 75% vegna bílaumferðar. Sólarhringsgildi svifryks hafa farið yfir heilsuverndarmörk 22 á þessu ári. Hvert er ráðið til að fækka þessum skiptum og breyta þessari öfugþróun? – Dettur engum í hug reiðhjól? Er betra að finna tæknilegar lausnir eins og nýja tegund af nagladekkjum eða að hanna malbik sem spænist ekki svona mikið upp?

Koltvísýringur er gróðuhúsaáhrifavaldur... 95% uppspretta hans í Reykjavík má rekja til bíla! Utstreymið hefur vaxið um 14% milli á fimm árum. Ferðum með einkabílum til vinnu hefur fjölgað úr 74 í 78% á tveimur árum.

Vantar fleiri jeppa í borgina? EF allt fyllist af Hummer jeppum mætti breyta slagorðinu “Búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld” í “Keyrum Hummer og stytum ævikvöld aldraðra”. Hvers vegna er ekki Toyota Prius í vinning hjá DAS, hann eyðir aðeins 4 lítrum á hundraði og getur gengið fyrir rafmagni. Hann ásamt reiðhjólum gæti mögulega lengt aftur áhyggjulaust ævikvöld aldraðra!

Nýjasta bílaauglýsingin er í blöðunum í dag: Fyrirsögnin er: “Ég þarf bíl sem kemur mér á milli A og B” mynd er af konu og risatrúkk – monster truck – . Undir myndinni stendur: “Öll höfum við ólíkar þarfir sem mikilvægt er að hafa í huga við val á bíl. Sjóvá fjármögnun býður fjölbreyttar og hagstæðar fjármögnunarleiðir; bílalán, bílasamning eða

vagnalán sem henta þínum þörfum – hverjar sem þær eru. Fleiri leiðir – valið er þitt.“

Allir geta sem sagt keypt bíl, jafnvel þótt þeir eigi ekki krónu með gati. Allt er gert til að gera fólki kleift að eignast bifreið. Líkt og valið standi einungis milli bilategunda en ekki milli samgöngumáta.

IV.

Mannvirki fyrir hjólreiðar eru sérstígar, brekkur við tröppur, göng undir umferðagötur og alvöru hjólastígar meðfram umferðagötum. Ímyndið ykkur borg þar sem iðulega er gert ráð fyrir hjólaumferð með lagningu sér hjóla-reina. Imagine ...Þið getið kallað mig draumóramann, en ég er ekki sá eini:

Ímyndið ykkur að allsstaðar yrðu gerðir hjólastígar meðfram götum líkt og byrjað er á á Laugaveginum. Ímyndið ykkur að öll fyrirtæki og stofnanir festu kaup á reiðhjólum til notkunar fyrir starfsfólk í vinnunni til að sinna erindum. Ímyndið ykkur að starfsfólk fengi reiðhjólstyrk en ekki bílastyrk. Ímyndið ykkur að Alþingi myndi samþykkja frumvarp um stofnbrautir fyrir reiðhjól.

Núna á þessum dögum átaksins: Hjólað í vinnuna er gaman að sjá allt þetta fólk fara um borgina á hjólum – . Átakið opinberar hvað margir eru viljugir og ég býst við að þeir finni frelsið sem felst í því að vera á hjóli eða að komast allt án þessa að þurfa að draga þungt farartæki með sér: skjótast yfir tún, götur, upp á gangstétt, á milli og hvaðeina sem er í borginni, hratt og hægt – þótt slíkt teljist ekki til fyrirmyndar í siðmenntuðum reiðhjólaborgum. En þetta gerum við á meðan engar eru hjólagötturnar.

Meginfullyrðing mín felst í því að reiðhjólið sem samgöngutæki sé vannýtt af gáleysi. Því hér er um auðlind að ræða eins og nú er í tísku að segja – en næstum ekkert hefur verið gert til að hvetja fólk til að nota hjól og engin (fá) mannvirki reist fyrir þetta vistvæna samgöngutæki. Allt sem hjólreiðafólkið þarf er rými, samfellt yfirborð sem hvorki bílstjórar né gangandi þvælast inn á, aðstæður til að halda jöfnum hraða og skýr tengsl á milli staða.

Auk þessa mætti vel þróa góðar tengingar milli strætó og reiðhjóla, því það er mjög góður kostur að samnýta almenningsvagna og reiðhjól. Nemandi í Listaháskólanum skrifaði BA ritgerð um reiðhjól núna í vor og bendir þar á að ef strætisvagnar hefðu sér-svæði fyrir reiðhjól í vögnum og ef auðvelt

væri að kippa hjóli í vagn þá væru þar komnar frábærar sjálfbærar samgöngur. Nemandinn hannaði einnig hjól er nú er sýnt í Listasafni Reykjavíkur. Er einhver tilbúinn til að veita honum ef til vill brautargengi með þessar rannsóknir sínar á reiðhjólum? Fengi hann einhvers staðar hjólalán?

Útvarp Reykjavík góðan dag:

“Árbæjarsafnið verður áfram í Árbæ, en Landspítalinn verður fluttur á Vífilstaði. Ákveðið hefur verið að reisa hjólabraut út í Viðey – þangað mun enginn komast nema fuglinn fljúgandi og fólk á reiðhjólum sem snúast.”

Takk fyrir,